

123. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
7. 4. 2021 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Ragnildur Jónsdóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Ragnildur Jónsdóttir, Hólmfríður Bryndís Prúðmarsdóttir, Sigurður Sigursveinsson, Bjarni Guðmundsson, Gunnar Þór Jóhannesson og Huguín Harpa Reynisdóttir.

Yfirlit yfir starfsemi á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs - Erindi frá Vatnajökulsþjóðgarði
Steinunn Hödd sagði frá helstu verkefnum sem unnið er að á svæðinu um þessar mundir. Unnið er að ýmsum framkvæmdum við Jökulsárlón og í Skaftafelli. Fyrirhugað er að opna fræðslutorg í Skaftafelli í maí, torgið er utandyra en mun síðar tengjast við sýningu í gestastofu.

Ný verkefni Náttúrustofu, Erindi frá Náttúrustofu Suðausturlands

Kristín Hermannsdóttir sagði frá tveimur nýjum verkefnum sem stofan fékk styrk fyrir úr loftslagssjóði. *Endurtökuljósmyndun á íslenskum jöklum* er tveggja ára verkefni sem hlaut styrk árið 2020. Myndirnar eru ætlaðar til kynninga og fræðslu fyrir almenning um loftslagsbreytingar. *Verkefnið Kolefnisforði og CO2 flæði úr jarðvegi* fékk styrk árið 2021. Markmið verkefnisins er að bæta mælingar á losun koltvísýrings úr jarðvegi og er það samstarfsverkefni Landgræðslunnar og Náttúrustofunnar.

Kynning á verkefninu Stafræn samfélög

Sandra Björg sagði frá verkefninu Stafræn samfélög sem Nýheimar þekkingarsetur stýrir. Verkefnið er fjölþjóðlegt verkefni styrkt af Erasmus+ og er það unnið í samstarfi sex aðila sem koma frá fimm Evrópulöndum, Búlgaríu, Hollandi, Svíþjóð, Spáni og Íslandi. Þátttakendur frá Íslandi eru tveir, Nýheimar þekkingarsetur og Þekkingarnet Þingeyinga. Verkefnið snýr að því að efla stafræna hæfni eldri borgara á landsbyggðinni.

Samningur um þátttöku í starfsemi Fab Lab Hornafjarðar

Huguín Harpa greindi frá því að samningur um starfsemi Fab Lab Hornafjarðar hefur verið undirritaður. Aðilar að samningnum eru Sveitarfélagið Hornafjörður, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Nýheimar þekkingarsetur. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun greiða árlega 4 milljónir króna til Nýheima-þekkingarseturs ses. á samningstímanum, alls 12.000.000 kr. Þessir fjármunir verða nýttir til reksturs Fab Lab Hornafjarðar. Nýheimar þekkingarsetur og Sveitarfélagið Hornafjörður munu gera með sér samstarfssamning sem ætlað er að skýra fyrirkomulag og framkvæmd samstarfsins nánar.

Undirbúningur ársfundar

Farið var yfir drög að dagskrá ársfundar sem haldinn verður 15. apríl í fjarfundi. Stjórn fór yfir drög að ársreikningi, umræður sköpuðust um einstaka atriði og var forstöðumanni falið að vinna að málinu með endurskoðanda.

Nýir fulltrúar verða skipaðir í embætti stjórnar á ársfundi. Stjórn kom sér saman um eftirfarandi tillögu um skipan í embætti:

Steinunn Hödd Harðardóttir formaður

Gunnar Þór Jóhannesson varaformaður

Vilhjálmur Magnússon ritari

Kristín Hermannsdóttir gjaldkeri

Önnur mál

Hugrún Harpa sagði frá samskiptum sínum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar vegna möguleika á að ráða námsmann í sumarstarf líkt og setrið gerði síðastliðið sumar. Einnig ræddi hún þann möguleika að ráða starfsmann tímabundið með ráðningarstyrk VMST. Forstöðumanni falið að vinna áfram að málinu.

Kristín Hermannsdóttir rifjaði upp umræðu stjórnarfundar í desember þar sem stjórn fjallaði um áherslur í starfsemi setursins. Hugrún Harpa sagði frá því að hún muni fara yfir verkefnastöðu og fjárhagsstöðu setursins á stjórnarfundum í maí. Stjórn ákvað að halda vinnufund til þess að fjalla um áherslur í starfsemi setursins í kjölfar næsta stjórnarfundar. Eyjólfur lagði til að rætt verði um áherslur í starfsemi setursins á komandi ársfundi, ákveðið var að bæta þeim lið við dagskrá fundarins.

Ragnhildur greindi frá því að hún hefur sagt starfi sínu lausu sem fræðslustjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá og með 1. apríl.

Fundi slitið klukkan 9:55

Ragnhildur Jónsdóttir

Hugrún Harpa Reynisd.